

**Námafjall - Krafla:  
Hitamælingar til kvörðunar á innrauðum  
myndum**

**Benedikt Steingrímsson, Valgarður Stefánsson**

**Greinargerð BS-VS-93-02**

30-09-1993

**NÁMAFJALL- KRAFLA:****HITAMÆLINGAR TIL KVÖRÐUNAR Á INNRAUÐUM MYNDUM****Inngangur:**

Að morgni föstudagsins 17. september flugu starfsmenn Merkjafræðistofu Háskólans yfir jarðhitasvæðin í Kröflu, Námafjalli og á Peistareykjum og tóku innrauða mynd af svæðunum til að kortleggja hitaústreymi frá þeim. Til að hægt væri að kvarða útgeislunini við þekktan hita á yfirborði fóru undirritaðir og mældu hita í tjörnum í Námafjalli og Kröflu. Mælt var á tveimur stöðum í Kröflu: Í Víti og polli í frárennslinu frá skiljustöð rétt austan við holu KJ-6. Stærð pollsins er ca. 5x10 metrar. Í Námafjalli var einnig mælt á tveimur stöðum, í svokölluðum Glerhallarvötnum norðan Þjóðvegarins og í grunnum polli sunnan vegarins andspænis Glerhallarvötnunum.

Mælingarnar hófust rétt upp úr klukkan 7 um morguninn eða um það leyti sem myndatakan fór fram. Byrjað var í Kröflu og mælt í pollinum við holu KJ-6 og síðan í Víti. Vorum við að ljúka mælingum í Víti þegar myndatökumenn flugu suður yfir Leirhnjúk, væntanlega á leið frá Peistareykjum. Síðan var farið niður í Námafjall og lauk mælingum þar um kl 7:45.

**Niðurstöður hitamælinga:**

Hitamælt var í vatnsyfirborði á hverjum stað í seilingarfjarlægð frá landi en mælingarnir voru að sjálfsögðu ekki á stígvélum. Austan gola var á svæðinu, þegar mælt var og því gára á pollum og vötnum. Hefur aldan væntanlega hrært upp og jafnað út hita í yfirborði pollanna. Aðstæður á hverjum stað og niðurstöður mælinga er lýst hér á eftir, en til nánari glöggvunar er fylgja einnig með rissmyndir af mælistöðunum.

1. **Pollur við holu KJ-6:** Pollurinn er rétthyrningslaga um 10 metrar í austur-vestur, en um 5 metrar norður suður. Það seitar inn í norðvesturhornið, en frárennslið er í suðausturhorninu. Hiti í innrennslinu var 5.4°C, en mældist annars 3.4-3.9°C allan hringinn í kringum pollinn (sjá rissmynd).
2. **Víti:** Við mældum með vesturlandinu í Víti. Hiti um einn metra úti í vatninu mældis 7.6-7.8°C í all mörgum mælipunktum á um tuttugu metra löngum kafla með vesturlandinu. Er þessi kafli á mótis við bílastæðið við Víti
3. **Glerhallarvötn:** Vötnin liggja norðan Þjóðvegarins Bjarnarflagi. Í þau rennur skiljuvatn frá holu B-4, en einnig eru gufuaugu við og jafnvel úti í vötnunum. Mestur er hitinn í norðaustur horni vatnanna þar sem skiljuvatnið rennur fram. Við


mældum þó ekki þar heldur héldum okkur nær þjóðveginum og mældum við suðausturlandið næst þjóðveginu og síðan nokkra punkta með austurlandinu á nærri 40 m langri línu Hiti metra frá landi var nánast sá sami á allri þessari línu eða 26.5.-27.2°C Hins vegar var hiti alveg í flæðarmálinu nokkrum gráðum kaldari. Einnig var hitamælt við suðvesturhorn Glerhallarvatnanna og fengust þar 25.0-27.8°C eða mjög svipaður hiti og við suðausturlandið. Þetta kemur hins vegar betur fram á rissmyndinni.

4. Pollur sunnan þjóðvegjar: Þessi pollur er gegnt Glerhallarvötnunum Hann er nokkuð hringlaga og er þvermál hans tíu metrar eða meira. Við mældum nokkra punkta í norðvestur horni hans og mældist hitinn 5.3°C.

30. september 1993

Benedikt Steingrímsson  
Valgarður Stefánsson

Riss af polli við holu  
KJ-6 í Kröflu



Riss af mælisvæði  
í Bjarnarflagi

